

Samþykkt um áskorun til Mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna UT-leiðtoga

Fimmta þing Kennarasambands Íslands haldið 6. - 8. apríl 2011 skorar á Mennta- og menningarmálaráðuneyti að stuðla að eflingu upplýsingatækni í námi og kennslu, meðal annars með stuðningi við UT-leiðtoga á öllum skólastigum.

Greinargerð:

Í maí 2008 settu stjórnvöld hér á landi fram stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, Netríkið Ísland 2008-2012. Í þeirri stefnu var stefnt að því að UT-leiðtogar yrðu í hverjum skóla á Íslandi. Þessir UT-leiðtogar áttu að styðja við aukna upplýsingatækninotkun í námi og kennslu og stuðla að aukinni fjölbreytni í upplýsingatæknimenntun innan skólanna. UT-leiðtogum var ætlað að styðja við kennara og aðstoða þá við að fara nýjar leiðir í námi og kennslu með aðstoð upplýsingatækninnar og auka um leið nýsköpun í námi og kennslu.

Fram kemur í skýrslunni Ný staða Ný vinnubrögð, rannsókn á viðbrögðum stjórnvalda í Finnlandi við kreppunni 1991, sem út kom í apríl 2011 að ein af leiðum Finna út úr kreppunni var að auka markvisst framsækna upplýsingatækni í kennslu. Þannig hafi skapast hið finnska þekkingarsamfélag. Fræðimenn eru sammála um að þessar aðgerðir hafi verið róttækar og í raun áhættusamar af hálfu stjórnvalda, en árangurinn varð ljós því skapast hafi svigrúm fyrir þá sköpunargáfu og nýsköpun sem stefnt var að.